



## **Framkvæmdastjórnarfundur Landsambands æskulýðsfélaga**

Haldinn á Baldursgötu 11  
Miðvikudaginn 21. janúar 2009  
Frá kl 12:00 til 12:50

**Mættir:** Jón Þorsteinn Sigurðsson (JPS) og Pálína Björk Matthíasdóttir (PBM) auk Hildar Tryggvadóttur Flóvenz (HTF) framkvæmdastjóra. Nýr fulltrúi í stjórn frá KSH Rakel Brynjólfsdóttir (RB) boðaði forföll.

**Fundur settur:** kl. 12:04

### **Dagskrá fundar**

#### **1. Fundur settur og fundargerð lögð fram til samþykktar**

Enn vantar fundargerð frá 18. desember 2008. Fundargerð frá síðasta fundi var komin til stjórnarmanna en var ekki tekin fyrir sökum fámennis á fundi.

#### **2. Nýr stjórnarmaður kynntur til leiks**

Nýr fulltrúi boðaði forföll.

#### **3. Rekstraráætlun og fjármál LÆF**

Bréf hefur verið sent til MMR vegna greiðslu af fjárlögum. Það sem sent var með bréfinu var fjárhagsáætlun sem send var með umsókn til fjárlaganefndar auk endurskoðaðar fjárhagsáætlunar og skýrslu um hvað gert var við styrkinn sem LÆF fékk af fjárlögum árið 2008. Endurskoðuðu fjárhagsáætlun verður lögð fyrir sambandsþing. Fjárhagsáætlunin var lögð fyrir en ekki samþykkt vegna fámennis á fundi.

Lagt til að framkvæmdastjóri láti senda út greiðsluseðla vegna félagsgjalda.

HTF sagði frá því að hún hefði átt fund með bókaranum okkar. Það kom í ljós að nokkuð af fylgigögnum frá fyrrihluta ársins. HTF mun ganga í að endurheimta þeim gögn frá fyrriverandi framkvæmdastjórum og viðkomandi fyrirtækjum.

#### **4. Þing unga fólksins**

Fundur var haldin með fulltrúum ungliðahreyfinga stjórnmalaflokkanna og kom fram lítill áhugi á að halda þingið. Heyrst hefur í nokkrum félögum eftir fundinn og er sama upp á teningum, lítill áhugi á þinginu eins og það hefur verið áður en áhugi á samstarfi á öðrum forsendum. HTF mun boða til nýs fundar eftir landsþings Sjálfstæðisflokksins og ræða hvort áhugi er sé á samstarfi á einhvern.

#### **5. Niðurstöður af fulltrúaráðsfundi**

Niðurstöður eru í fundargerð fundarsins sem þegar hefur verið send út til fulltrúa og aðildarfélaga. Lagt til að LÆF myndi bjóða upp á fyrirlestur með lögfræðingi um lög félagasamtaka auk þess sem LÆF í samstarfi við Rauða krossins haldi námskeið í sálrænum stuðningi. Auk þess var lagt til að HTF myndi leita eftir tveimur í laganeftnd en auk þeirra myndi HTF sitja fundina fyrir hönd stjórnar.

## **6. Umsóknir í Æskulýðssjóð**

Lagt til að sótt yrði um í Æskulýðssjóð fyrir námskeið í sálrænum stuðningi auk fyrirlesturs með lögfræðingi.

## **7. Nýr Ráðningasamningur Framkvæmdarstjóra**

Þar sem ekki var nægilegur fjöldi á fundinum til að samþykkja var þessu frestað til næsta fundar.

## **8. Alþjóðamál**

LÆF fékk boð frá Norðulandaráði á ráðstefnu um frumkvöðlastarf og nýsköpun sem haldin verður í St. Pétursborg 26. og 27. febrúar n.k. Ákveðið var að PBM færi fyrir hönd LÆF og mun hún halda erindi um starfsemi LÆF og taka þátt í pallborði. Greitt verður að fullu fyrir PBM af Norræna ráði.

PBM sagði frá því að hingað til lands er væntanlegur hópur frá Norðulöndunum sem heldur hér skipulagssfund fyrir norrænar sumarþúðir með áherslu á unga innflytjendur. Hópurinn hefur óskað eftir að hitta stjórn LÆF.

## **9. Samvinnuverkefni LÆF og UNICEF**

HTF fundarði með Bergsteini Jónsýni og Hólmi Friði Önnu Baldursdóttur hjá Unicef um hugsanlegt samstarf í þátttökuverkefni meðal ungs fólks. Verkefnið felur í sér fréttaritara þjálfun fyrir ungt fólk á aldrinum 13-16 ára. Okkar samvinna mun felast í því að LÆF mun nota sína tengiliði til að kynna verkefnið og hvetja ungt fólk til þátttöku í því. Auk þess mun LÆF kanna möguleika á að sækja um styrk til Evrópu unga fólksins fyrir verkefninu. Ef LÆF fær styrk mun það styrkja verkefni Unicef um upphæð styrksins.

## **11. Dagar sem LÆF þarf að skoða til að vekja upp umræðu**

Þann 1. mars er alþjóðlegur æskulýðsdagur. Rætt um að skrifa greinar í blöðin kringum þennan dag og halda jafn vel fyrirlestur um lög félagasamtak á sama tíma.

Þann 29. apríl er dagur sem er tileinkaður samvinnu kynnslóða. Farið verður í hugmynda vinnu hvað er hægt að gera í tilefni hans á einhverjum af næstu fundum.

## **12. Bréf og önnur skjöl sem borist hafa og þarfnast afgreiðslu**

Borist hefur boð á námskeið í training for trainers í Human right education frá Evrópráðinu. Auglýsing verður sett á póstlistann.

Erindi barst frá Erlendi í Menntamálaráðuneyti um fræðslufund hjá Samfés laugardaginn 24. janúar n.k. Fundurinn var auglýstur á póstlista og mun HTF mæta fyrir hönd LÆF á fundinn.

Enginn önnur bréf hafa borist og enginn skjöl sem þarfnast afgreiðslu.

## **11. Önnur mál**

HTF sagði frá nýrri skýrslu Vinnumálastofnunar þar sem fram koma nýjar tölur um atvinnuleysi. Atvinnuleysi er mest í aldurshópnum 16-24 ára. Ákveðið að HTF skoði þessi mál nánar og komi með hugmynd að aðgerðum til að vekja máls á þessu.

JBS velti upp hvernig ákvörðunum og tillögur á fundinum yrði háttað til að fá samþykki þar sem ekki var meirihluti stjórnarmann mættur. Lagt til að leggja fundargerðin til samþykktar á næsta fundi og með því samþykkt ákvarðana.

Fundi slitið kl. 13:05